



F = 783,5m²

Grunnmynd
mkv. 1:100

BYGGINGARLÝSING

Húsið, sem er einnar hæðar einbýli með innbyggðri bilageymslu, er staðsteypt á hefðbundinn hátt og hvíll á sökkul og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu eru bæði timburpak klætt þakdúk og bárujárnl og staðsteypt plata með þakdúk. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

ÞAK. Þak yfir íbúðarrými er gert úr 225x50mm sperrum sem hvíla á steypum útveggjum og steypum bitum. Einangrað með 200mm þakull, klætt með borðklæðningu, þar ofan á kemur soðin pappklæðning og bárujárnl og lektugrind. Loftun þaksins er um 2x40mm loftunnarrör m. neti í hvorn enda hvers sperrubils. Neðan á sperrur er loftklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhall er 6°. Þak yfir bilageymslu og forstofu er gert úr staðsteyptri plötu, einangraðri að utan með 200mm polystyren einangrun og klæddri PVC þakdúk.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir á hefðbundinn hátt, og einangrað að innan. Húsið er múrað að utan með sléttí áferð - litir eru ljósgrár og dökkgrár. Vönduð timburklæðning er víð aðalinnangang á framhlið og pall á SV-hlið - t.d. sedrus.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar settir eftirá í útvegg. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað innan á sökkla og undir plötu með 75mm polystyren einangrun.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi. Vegg- og loftklæðningar í bilageymslu eru í flokki 1 - aðrar klæðningar eru amk í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í bílskúr. Gólfhitlagnir verða í húsinu, en lagnir að ofnum verða rör í rör plastlagnir. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrymum íbúðar, þ.e. snyrtingum og þvottahúsi, og í bilageymslu.

LOFTRÆSTING LOKAÐRA RÝMA. Loftræsta skal öll gluggalaus rými, annað hvort með útblæstri um veggviftur eða loft-túður.

ELDSTÆÐI. Varðandi frágang á eldstæði og reyksháf er vísað til 192 gr. og 193 gr. Byggingarreglugerðar. Einnig er vísað til leiðbeininga Brunamálastofnunar ríkisins og Rb blaðs um frágang eldstæða.

BRUNAVARNIR. Bilageymsla skal hólfuð af með EI-60 veggjum með vegg- og loftklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

Heildarflatarmál / birt flatarmál: 247,2m²
Heildarrúmmál: 903,1m³
Skjptarrúmmál: 747,153m³

Lóðarstærð er 783,5m², nýtingarhlutfall=0,31

KÓLNUNARTÖLUR (hámarksígildi):

Útveggir 0,4 W/m²K
Útv. (vegið meðaltal) 0,85 W/m²K
Þak 0,2 W/m²K
Gólf á fyllingu 0,3 W/m²K
Gluggar og gler 2,0 W/m²K
Hurðir 3,0 W/m²K

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
LR= Loftræst rými
GN= Niðurfall
PNF= Þakniðurfall

BO Björgunarop

E-60 Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.

ECS-30 Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

R Reykskynjarar

Samþykkt á fundi
skipulags- og byggingarráðs
9. ágúst 2006
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þorarinsson

aok!

KÁRI EIRÍKSSÓN arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf. - kt: 570800-2210 - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj.
Sími: 565 9779 - GSM: 699 0999 - Email: kari@aok.is - www.aok.is

verkkaup

MILLA OG GUÐMUNDUR

verk
Glitvellir 15 - Hafnarfjörður

teikning
EINBÝLISHÚS

teikning nr.
0618

teikning
Grunnmynd

Byggingarlýsing
201

AÐALUPPDRATTUR

hannað KE	teiknað KE	dags. 13. júlí 2006
mkv. 1:100	tövu skrá 0618-201.dwg	prentað

b/æstærð
A2

Öll mál eru í millimetrum.
Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Málið ekki af teikningum, öll mál athugið á staðnum.
Ósamræmi í teikningum skal tilkynna hönnuði strax.